

47. fundur (aukafundur) hreppsnefndar Ásahrepps var haldinn á skrifstofu Ásahrepps miðvikudaginn 12. júlí og hófst hann kl. 09:00.

Fundinn sátu:

Brynja Jóna Jónasdóttir, Karl Ölvisson, Nanna Jónsdóttir, Egill Sigurðsson og Elín Grétarsdóttir. Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Nanna Jónsdóttir.

Dagskrá

1. Lögreglusamþykkt fyrir Suðurland, síðari umræða
2. Kaup á byggingum Skógaskóla við Skógasafn, síðari umræða
3. Sorpstöð Rangárvallasýslu bs.
4. Breyting á þingfararkaupi
5. Fundargerðir
6. Erindi til hreppsnefndar
7. Næsti fundur hreppsnefndar

Gengið til dagskrár:

1. Lögreglusamþykkt fyrir Suðurland, síðari umræða

Lögð fram til síðari umræðu sameiginleg lögreglusamþykkt fyrir Sveitarfélagið Hornafjörð, Skaftárhrepp, Mýrdalshrepp, Rangárþing eystra, Rangárþing ytra, Ásahrepp, Sveitarfélagið Árborg, Flóahrepp, Skeiða- og Gnúpverjahrepp, Hrunamannahrepp, Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshrepp, Hveragerðisbæ, og Sveitarfélagið Ölfus. Hreppsnefnd samþykkir fyrirbyggjandi lögreglusamþykkt fyrir sitt leyti.

2. Kaup á byggingum Skógaskóla við Skógasafn, síðari umræða

Bókun lögð fram til síðari umræðu frá sameiginlegum fundi Héraðsnefndar Rangæinga og Héraðsnefndar Vestur Skaftafellssýslu, haldinn 8. maí sl. liður 2. Málefni Skógasafns: *Sverrir Magnússon framkvæmdastjóri Skógasafns var gestur fundarins undir þessum lið. Sverrir greindi frá því að fjölgun hefði orðið í gestakomum á Skógasafn og að gestir dreifðust meira yfir árið en áður var. Nýtt anddyri við safnið er að verða fullgert og verður tekið í notkun á næstunni. Ríkissjóður hefur gert Skógasafni tilboð um að kaupa byggingar Skógaskóla fyrir kr. 150.000.000,- Verði af kaupum er fyrirhugað að selja húsin aftur undir starfsemi sem gæti fallið vel að starfsemi Skógasafns. Héraðsnefndirnar veita stjórn Skógasafns heimild til að ganga til samninga við Ríkissjóð um kaup á húsunum. Ákvörðunin er háð samþykki sveitarstjórna í Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslum.* Hreppsnefnd samþykkir fyrirhuguð kaup fyrir sitt leyti og að veita stjórn Skógasafns heimild til að ganga til samninga við Ríkissjóð um kaup á húsunum.

3. Sorpstöð Rangárvallasýslu bs.

Lögð fram bókun frá samráðsfundi Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs. og sveitarstjórna í Rangárvallasýslu, haldinn 22. júní sl. liður 1. Undirbúningur útboðs á sorphirðu í Rangárvallasýslu: *Starfsmenn verkfræðistofunnar Verkís fóru yfir möguleika á framtíðarfyrirkomulagi á sorphirðu í Rangárvallasýslu. Lagður var fram samanburður á óbreyttu fyrirkomulagi með aðkeyptri þjónustu annars vegar og þeim möguleika að Sorpstöðin sjái alfarið sjálf um þjónustuna. Einnig var farið yfir möguleika á moltugerð. Ákveðið var að Sorpstöðin muni í framtíðinni sjá alfarið sjálf um alla sorphirðuþjónustuna, þegar gildandi samningur við sorphirðuverktaka rennur út. Ákvörðunin er háð samþykki sveitarstjórna aðildarsveitarfélaganna, sem þurfa að ábyrgjast lántöku vegna verkefnisins. Jóni Sæmundssyni hjá Verkís falið að leita tilboða í bifreiðar og tæki, sem þarf til starfseminnar.* Hreppsnefnd samþykkir samhljóða fyrirhugaða stefnubreytingu fyrir sitt leyti og að ábyrgjast nauðsynlega lántöku vegna verkefnisins hjá Lánasjóði sveitarfélaga.

4. Breyting á þingfararkaupi

Á 40. fundi hreppsnefndar þann 14. desember 2016 var samþykkt að fresta ákvörðun kjararáðs frá 29. október 2016 þar til Alþingi tæki málið til umfjöllunar. Nú er ljóst að Alþingi mun ekki breyta ákvörðun kjararáðs frá 29. október 2016.

Hreppsnefnd samþykkir samhljóða að fella úr gildi tímabundna bókun sína frá 14. desember 2016 um launakjör fulltrúa, nefndarmanna og starfsmanna frá og með 1. apríl 2017.

5. Fundargerðir

a) 26. fundur stjórnar Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu bs., haldinn 21. júní sl.

Lagt fram til kynningar.

b) 136. fundur skipulagsnefndar Uppsveita bs., haldinn 22. júní sl. liður 31 þarfnast umfjöllunar.

Liður 31. Leiðbeiningar fyrir sveitarfélög við afmörkun lóða orku- og veitufyrirtækja innan Þjóðlendna – 1706042

Lögð fram til kynningar drög að leiðarvísi fyrir sveitarfélög við afmörkun lóða fyrir orku- og veitufyrirtæki. Hefur leiðarvísirinn verið unnin af sambandi íslenskra sveitarfélaga í samvinnu við forsætisráðuneytið auk þess sem fulltrúar frá Samtökum orkusveitarfélaga, Þjóðskrá og Skipulagsstofnun hafa komið að vinnunni.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við fyrirliggjandi drög að leiðarvísi og mælir með að farið verði í að útbúa lóðablöð fyrir virkjanir innan svæðisins í samræmi við þau.

Hreppsnefnd staðfestir bókun skipulagsnefndar.

c) 45. fundur félagsmálanefndar Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu bs., haldinn 21. júní sl. liður II þarfnast umfjöllunar.

Liður II. Önnur mál 1)

Greiðslur til sumardvalaforeldra – Lögð er til hækkun á greiðslum til sumardvalaforeldra sumarið 2017.

Bókun – greinargerð lesin; Félagsmálanefnd samþykkir tillögur til hækkunar á greiðslum til sumardvalaforeldra fyrir sitt leyti.

Hreppsnefnd staðfestir bókun félagsmálanefndar.

d) Aðalfundur Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs., haldinn 22. júní sl.

Lagt fram til kynningar.

e) Samráðsfundur Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs. og sveitarstjórna í Rangárvallasýslu, haldinn 22. júní sl.

Lagt fram til kynningar.

f) Aðalfundur Brunavarna Rangárvallasýslu bs. haldinn, 22. júní sl.

Lagt fram til kynningar.

g) 137. fundur skipulagsnefndar Uppsveita bs., haldinn 6. júlí sl. liðir 1 og 2 þarfnast umfjöllunar.

Liður 1. Sumarliðabær Inr. 179240: Frístundabyggð: Deiliskipulag – 1706080

Lögð fram umsókn Huga Helgasonar dags. 26. júní 2017 um deiliskipulag á landinu Sumarliðabær Inr. 179240 sem er 14,9 ha að stærð. Í tillögunni eru afmarkaðir þrjú byggingarreitir fyrir allt að 100 fm frístundahús. Í aðalskipulaginu er landið skilgreint sem landbúnaðarsvæði en landið er ekki skráð sem lögbýli.

Að mati skipulagsnefndar samræmist deiliskipulagið ekki ákvæðum aðalskipulags Ásahrepps og telur að forsenda deiliskipulagsins sé að svæðið verði skilgreint sem frístundabyggð í aðalskipulagi.

Í ljósi niðurstöðu skipulagsnefndar sendi Margrét Hugadóttir, f.h. landeigenda, tölvupóst dags. 11.

júlí á skipulagsfulltrúa þar sem óskað er eftir að deiliskipulagið yrði samþykkt með heimild til að reisa eitt hús á jörðinni í stað þriggja.

Hreppsnefnd samþykkir að fela skipulagsfulltrúa að auglýsa tillöguna skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Liður 2. Miðhóll: Umsókn um byggingarleyfi: Gestahús – 1706088

Lögð fram umsókn eigenda lóðarinnar Miðhóll dags. 28. júní 2017 um byggingarleyfi fyrir 32,6 fm gestahús.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við umsóknina með fyrirvara um lagfærð gögn. Ekki er talin þörf á grenndarkynningu en leita þarf umsagnar Minjastofnunar. Nanna Jónsdóttir vék af fundi við afgreiðslu málsins.

Hreppsnefnd staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar. NJ vék af fundi við afgreiðslu málsins.

6. Erindi til hreppsnefndar

a) Beiðni um auglýsingu í Víðsjá rit Blindrafélagsins, samtaka blindra og sjónskertra á Íslandi Hafnað.

b) Erindi frá Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu vegna, efni: Stækkun friðlands í Þjósárverum

Eins og fram koma á fundi umhverfis- og auðlindaráðherra með sveitarfélögum sem lögsögu eiga að stækkuðu friðlandi Þjósárvera þann 20. júní sl. hefur ráðherra ákveðið að taka upp að nýju vinnu við stækkun friðlandsins í Þjósárverum sem fyrirhugað var að ljúka í júní 2013.

Lagt er til að friðlýsingarskilmálar og mörk svæðisins verið þeir sömu og samþykktir voru á lokafundi samráðsnefndar viðkomandi sveitarfélaga og Umhverfisstofnunar og kynnt var í skilabréfi Umhverfisstofnunar til ráðherra dagsett 8. apríl 2013.

Tillagan er send að nýju til viðkomandi sveitarfélaga til umsagnar en vaktin er athygli á að ný náttúruverndarlög, nr. 60/2013, tóku gildi 15. nóvember 2015. Í ljósi þess hafa breytingar verið gerðar á texta auglýsingarinnar hvað varðar tilvísanir til laga auk þess sem lagt er til að nýtt ákvæði bætist við er fjalla um gerð stjórnunar- og verndaráætlunar í samræmi við ákvæði nýju laganna. Frestur til að gera athugasemdir við fyrirbyggjandi friðlýsingarskilmála er þrjú mánuðir frá dagsetningu þessa bréfs. í kjölfarið verður tekin ákvörðun um friðlýsingu svæðisins að teknu tilliti til framkominna athugasemda.

Hreppsnefnd samþykkir að vísa erindinu til umsagnar hjá Umhverfisnefnd Ásahrepps og skipulagsnefndar Uppsveita. Stefnt er að því að kalla eftir upplýsingafundi Umhverfis- og auðlindaráðuneytis í haust hvað málið varðar.

c) Styrktarbeiðni frá landssöfnuninni Vinátta í verki, vegna hamfaranna sem urðu á Grænlandi þann 18. júní sl.

Samþykkt að veita styrk kr. 50.000, bókast á lið 02-80 ýmsir styrkir.

d) Beiðni um styrk til kaupa á sumarauglýsing Krafts - Kraftmikið fólk í Reykjavíkumaraþoni Hafnað.

e) Beiðni um auglýsingu í Hvata, blað Íþróttasambands fatlaðra kemur út í júlí og er það 25. árgangur blaðsins.

Hafnað.

f) Beiðni frá hestamannafélaginu Geysi um auglýsingu vegna Íslandsmótsins í hestaíþróttum Samþykkt að veita styrk kr. 70.000, bókast á lið 02-80 ýmsir styrkir.

7. Næsti fundur hreppsnefndar

Næsti fundur hreppsnefndar verður miðvikudaginn 16. ágúst nk. kl. 09:00 á skrifstofu Ásahrepps.

Til kynningar:

- A. Skýrsla um 1. áfanga innleiðingar rafrænna, samræmdra prófa, Samband íslenskra sveitarfélaga.
- B. Athygli vakin á niðurstöðum tilraunaverkefnis um Hljóðvist í þremur leikskólum á Akureyri, Samband íslenskra sveitarfélaga.
- C. Fundargerð 851. fundar stjórnar sambandsins.
- D. Lýðheilsugöngur Ferðafélags Íslands í september.
- E. Kynning - möguleg notkun á sjúkraþyrlum á Suðurlandi.
- F. Kí Eplið – skólamál, kjaramál og margt fleira, Kennarasamband Íslands.

Hreppsnefnd

- G. Fundargerð samstarfsnefndar SNS og Félags grunnskólakennara.
- H. 521. fundur stjórnar SASS.
- I. HSK fréttir 23. júní 2017, að mestu tileinkaðar Landsmóti 50+.
- J. Tilkynning til sveitarfélaga - ný persónuverndartilskipun.
- K. Breytingar á starfsheitum í starfsmati, Samband íslenskra sveitarfélaga.
- L. Frá nefndasviði Alþingis - 414. mál til umsagnar.
- M. Handbók um skólaráð fyrir skólaráð, Samband íslenskra sveitarfélaga.

Fundargerð yfirlésin, samþykkt.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 11:00

Elín Grétarsdóttir (sign)

Brynja Jóna Jónasdóttir (sign)

Karl Ölvisson (sign)

Egill Sigurðsson (sign)

Nanna Jónsdóttir (sign)